

Námsgrein: Sjónlist - Myndmennt 8. bekkur

Vikustundir:

Kennari: Anna Margrét Smáradóttir

Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
4 kennslu- stundir	- Geti valið á milli mismunandi aðferða í sköpun, prófað sig áfram og unnið með hugmyndir í fjölbreytta miðla. - Geti greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni. - Geti skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafl og / eða rannsókn, myndrænt og/ eða í texta,	Nemendur fá upprifjun í tví- og þrívídd. Annað hugtak kynnt – einnar punkta þrívídd.	Nemendur fá kennslu í að búa til þrívíða mynd út frá einum punkti. Nemendur teikna nafnið sitt upp með tvöföldum stöfum. Læra síðan að tengja stafina í punktinn. Skyggja nafnið sitt að lokum.	Lokaafurð metin. Metnaður í að gera vel.
4-5 kennslu- stundir	- Geti valið á milli mismunandi aðferða í sköpun, prófað sig áfram og unnið með hugmyndir í fjölbreytta miðla. - Geti greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni. - Geti skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafl og/eða rannsókn, myndrænt og/eða í texta. - Geti gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu.	Kveikja – Við erum ekki eins. Getum ekki teiknað okkur með formum sem allir nota. Andlitsfall nemenda skoðað.	Tekin er mynd af nemendum þar sem þeir halda á strokleðri við andlitið á sér eins og þeir séu að stroka sig út. Kennari klippir part af andlitinu út og nemendur teikna þann part upp og skyggja.	Tileinkun á efni tímanna og lokaafurð. Metnaður nemenda til þess að gera vel og þrautseigja.
2 kennslu- stundir	- Geti notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun. - Geti byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu. - Geti greint og fjallað um áhrif myndmáls í	Kveikja – hrekkjavaka. Dauð tré skoðuð.	Nemendur teikna grasker. Lita það með pastelkrít. Skoða ljós og skugga.	Mat á lokaafurð. Skoðað hversu vel nemendur meðtaka fyrirmælin.



Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
	umhverfinu og samfélaginu.			
2 kennslu- stundir	- Geti valið á milli mismunandi aðferða í sköpun, prófað sig áfram og unnið með hugmyndir í fjölbreytta miðla. - Geti greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni. - Geti túlkað listaverk og hönnun með tilvísun í eigin reynslu.	Kveikja - hér er abstract súrrealismi kynntur. Jackson Pollock skoðaður.	Action painting – Hér er málað með ýmsum áhöldum og hlutum, t.d. tuskum, spýtum, höndum og penslum. Hér þarf pláss og plast!	Tileinkun súrrealismans, vilji til þess að prófa mismunandi hluti við verkið. Tileinkunn efnisins og hugmyndarflug.
4 kennslu- stundir	- Geti valið á milli mismunandi aðferða í sköpun, prófað sig áfram og unnið með hugmyndir í fjölbreytta miðla. - Geti greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni. - Geti gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar og sett hann í persónulegt, menningarlegt og sögulegt samhengi.	Kveikja - þrívídd. Leir? Hvaðan kemur hann? Hverjir unnu fyrst leirmyndir?	Dýr mótuð úr leir. Nemendur horfa á myndband þar sem ferlið við mótun dýrs er kennt. Nemendur þurfa að skoða hlutföll og áferð dýrsins.	Útsjónarsemi, uppbygging verkefnis og lokaafurð metin.
3-4 kennslu- stundir	tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu	Andlit – Heilinn Skuggar og ljós, skyggingar. Hvernig fellur ljósið á hluti? Af hverju er ennið og nefið yfirleitt í ljósi?	Nemendur prenta út eina A4 andlitsmynd af sér. Teikna helminginn á blað og teikna síðan hinn helminginn eingöngu út frá áhugamálum sínum.	Útsjónarsemi, ímyndunarafl, frumkvæði, vandvirkni og þrautseigja eru til mats hér.



Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
3-4 kennslu- stundir	- Geti valið á milli mismunandi aðferða í sköpun, prófað sig áfram og unnið með hugmyndir í fjölbreytta miðla. - Geti greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni. - Geti túlkað listaverk og hönnun með tilvísun í eigin reynslu. - Geti gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar og sett hann í persónulegt, menningarlegt og sögulegt samhengi. - Geti greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat.	Kveikja Picasso er fyrirmyndin og kúbismi. Einnig munu nemendur kynna sér dadisma og súrrealisma. Hvað er rétt og hver segir að hlutirnir eigi að vera eins og þeir eru?	Kúbismi - nemendur teikna andlitið á sér með bundið fyrir augun. Enda á höfðinu. Byrja á augum, nefi og munni og eyrum. Endað á hári og höfði til þess að fylla vel út í blaðið. Málað með þekjultum í anda Picasso.	Metnaður til þess að gera vel og tileinkun kúbismans ásamt lokaafurð.
2-4 kennslu- stundir	- Geti valið á milli mismunandi aðferða í sköpun, prófað sig áfram og unnið með hugmyndir í fjölbreytta miðla. - Geti greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni. - Geti greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat.	Klippimynd í anda Erró. Nemendur læra um Erró og fræðast um Pop list. Hvað er sjónrænt áreiti? Hvernig getum við minnkað það? Hvað er gott áreiti og hvað er slæmt?	Nemendur þurfa að ákveða hvernig verkefnið á falla inn í pop listar skilgreininguna. Sambland af úrklippum og teiknuðum myndum.	Val á aðferðum og hugmyndavinna er til mats hér, sem og loka útkoman.
6-8 kennslu- stundir	- Geti valið á milli mismunandi aðferða í sköpun, prófað sig áfram og unnið með hugmyndir í fjölbreytta miðla. - Geti greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni.	Farið vel yfir gifs ferlið. Minna á að nemendur eiga að bera nóg af vaselíni á andlitið á sér. Gifsgrímur skoðaðar.	Gríma - gifs. Nemendur vinna tveir og tveir saman og gísa andlitið á hvoru öðru. Þeir að lokum laga grímuna og mála.	Metnaður nemenda við að gera eins vel og þeir geta við hvorn annan. Lokaafurð eftir að nemendur hafa lagað og málað sína grímu til.



Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð

Niðurstöður úr einstökum þáttum námsmatsins eru birtar á mentor.is undir námsmat.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á áætlun.